

Starfsnám í grunn- og framhaldsnámi.

Önn og lengd	Nemendur geta sótt um Starfsnám í stað valnámskeiðs. Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað en nemendur fá 6 ECTS einingar fyrir fulla vinnu í 4 vikur (160 klukkustundir). Dreifa má þeim klukkustundafjölda á allt að 8 vikna tímabil. Sótt er um Stafsnám eins og önnur námskeið inn á Uglu fyrir tilsettan tíma samkvæmt dagatali skólans. Síðan þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði á heimasíðunni. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt upplýsingum um hvar viðkomandi ætlar að stunda Starfsnám, nafn, símanúmer og netfang tengiliðs. Ekki er sérstakur umsóknarfrestur en nemendur þurfa að skrá sig í námskeiðið í Uglu og fylgja þeim reglum líkt og með önnur námskeið. Skólinn tryggir ekki nemendum vinnustaði fyrir Starfsnám heldur þurfa nemendur sjálfir að senda á fyrirtæki og stofnanir og óska eftir plássi. Í einstaka tilfellum getur skólinn verið með milligöngu. Fulltrúi frá deild skólans metur umsóknina og samþykkir.
Námslína	Starfsnámið er ætlað nemendum í öllum námslínum skólans bæði grunn- og framhaldsnámi.
Forkröfur	Nemendur skulu hafa lokið að lágmarki 110 ECTS einingum í grunnnámi og 30 ECTS í framhaldsnámi.
Tungumál	Ræðst af fyrirtæki/stofnun þar sem starfsnámið fer fram.
Kennari	Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeinir honum.
Kennsluaðferðir	Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti starfsþjálfunnar. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.
Innihald og markmið	Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda í fyrirtækjum og stofnunum.
Hæfniviðmið	Að starfsnámi loknu eiga nemendur:



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

	• Að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin. • Að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni. • Að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámstímanum. • Að getað tengt saman fræði og framkvæmd í lokaskýrslunni.
Námsmat	Nemandi skilar inn verkáætlun þar sem fram kemur tímaramminn á Starfsnáminu og helstu verkefni. Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur. Hann nota upplýsingar úr dagbókinni til að vinna lokaskýrslu og setur hana í viðhengi við lokaskýrsluna. Nemandi skilar inn lokaskýrslu að loknu Starfsnámi sem fulltrúi deildarinnar fer yfir. Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemanda og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans. Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið.
Lesefni	Eftir því sem verkefni krefjast.